

Fundargerð 891. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 20. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Haraldur Sverrisson, Rakel Óskarsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Gunnar Einarsson boðaði forföll, varamaður hans Haraldur Sverrisson mætti í hans stað. Bjarni Jónsson boðaði forföll, varamaður hans Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir mætti í hans stað. Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Guðmundur Baldvin Guðmundsson mætti í hans stað. Guðmundur Ari Sigurjónsson boðaði forföll en varamaður hans hafði ekki tök á að sitja fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar greindi formaður frá því að borist hefði erindi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra þar sem óskað er eftir afstöðu stjórnar sambandsins til kröfu Reykjavíkurborgar á hendur ríkinu um greiðslu 8,7 ma.kr. vegna framlaga sem borgin telur að hún hafi farið á mis við úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli reglna sjóðsins sem ekki hafa stoð í lögum. Erindið barst of seint til að unnt væri að taka það formlega á dagskrá stjórnarinnar á þessum fundi. Það hefur nú verið sent stjórnarmönnum og verður tekið til umfjöllunar á næsta stjórnarfundum sambandsins þann 11. desember nk.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 890. fundar - 2009100SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 890. fundar stjórnar sambandsins frá 30. október 2020.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta stjórnarfundum sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

Kristján Þór Magnússon og Heiða Björg Hilmisdóttir komu inn á fundinn kl. 12:14.

2. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lögð fram fundargerð 3. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 4. nóvember 2020. Einnig lögð fram glærुकyning um fjármögnun sameiginlegra stafrænna verkefna.

Sævar Freyr Þráinsson, formaður ráðsins, og Fjóla María Ágústsdóttir, breytingastjóri stafrænnar þjónustu, komu inn á fundinn undir þessum lið.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þakkar fyrir greinargóða kynningu á vinnu sem er til mikillar hagbóta fyrir sveitarfélögin.

Stjórnin er jákvæð fyrir því að stofnað verði miðlægt tækniteymi sambandsins sem

kostað verði af sveitarfélögum skv. tillögu um kostnaðarpáttöku árið 2021. Forsenda þess að teymið verði stofnað er að meginþorri sveitarfélaga taki þátt í verkefninu en mikilvægt er að kynna það vel fyrir sveitarfélögum á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að verkefnið sé tímabundið, til tveggja ára fyrst um sinn, með mögulegri framlengingu.

Stjórnin samþykkir einnig tillögu um feril ákvarðanatöku Stafræns ráðs við val á forgangsverkefnum, verði verkefnið að veruleika, og leggur áherslu á að ferlið verði kynnt vel fyrir öllum sveitarfélögum.

3. Fundir Jónsmessunefndar - 2009367SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 11. nóvember 2020. Rætt um stöðu fjármála sveitarfélaga vegna Covid-19 og samskipti við ríkið.

Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 14:06.

4. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 57. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 9. nóvember 2020.

5. Fræðslumálanefnd sambandsins - 2009079SA

Lögð fram fundargerð 129. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 11. nóvember 2020.

Samþykkt var svohljóðandi bókun um 1. lið fundargerðarinnar:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga vill nýta tækifærið og hrósa stjórnendum og starfsfólki skóla- og frístundamála í sveitarfélögum fyrir úthald, seiglu, útsjónarsemi og jákvæðni við skipulag og framkvæmd verkefna við þessar einstaklega krefjandi aðstæður.

Samþykkt var svohljóðandi bókun um 3. lið fundargerðarinnar:

Stjórnin telur mikilvægt að samstarf verði aukið á milli ráðuneyta um aðgerðir gegn ofbeldi, í stað þess að verkefninu sé sinnt á mörgum stöðum í stjórnkerfinu. Jafnframt minnir stjórnin á að fyrr á þessu ári var samþykkt þingsályktun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi, þar sem gert er ráð fyrir að Sambandi íslenskra sveitarfélaga verði gert kleift að ráða tímabundið í starf verkefnisstjóra til að vinna að framfylgd þingsályktunarinnar. Ekki hefur enn verið tryggt fjármagn til þessa verkefnis.

6. Dagatal stjórnar - 2009100SA

Lögð fram drög að dagatali stjórnar sambandsins 2021 með áætlun um dagsetningar stjórnarfunda.

Fundaáætlun stjórnar út árið 2021 var samþykkt, ásamt tímasetningu landsþings og fjármálaráðstefnu sambandsins á næsta ári.

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir vék af fundi kl. 14:18.

7. Endurskoðun vatnsgjalds 2020 - 2011031SA

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samorku, dags. 26. október 2020, um forsendur við ákvörðun gjaldskrá vatnsveita sveitarfélaga.

8. Endurtilnefning í skipulagsmálanefnd sambandsins - 2009346SA

Lögð fram tillaga um endurtilnefningu í skipulagsmálanefnd sambandsins, dags. 13. nóvember 2020, þar sem Hrafnkell Á. Proppé hefur látið af starfi hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og jafnframt óskað lausnar frá setu í nefndinni. Gerð er tillaga að Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins taki sæti hans.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Eypór Laxdal Arnalds vék af fundi kl. 14:30.

9. Tilnefningar á fulltrúum til Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 2021-2026 - 2011030SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 16. nóvember 2020, um tilnefningar stjórnar á fulltrúum til Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 2021-2026.

Stjórn samþykkir að tilnefna Kristján Þór Magnússon, Guðmund Ara Sigurjónsson og Ásgerði Kristínu Gylfadóttur sem aðalfulltrúa og til vara Bjarna Jónsson, Aldísi Hafsteinsdóttur og Gunnar Einarsson.

10. Tilnefning í ofanflóðanefnd - 2009166SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 28. október 2020, þar sem Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, og Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, eru tilnefnd í ofanflóðanefnd. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

11. Tilnefning í starfshóp um endurmat á störfum kvenna - 2010041SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 2. nóvember 2020, þar sem Bjarni Ómar Haraldsson og Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingar á kjarasviði sambandsins, eru tilnefnd í starfshóp um endurmat á störfum kvenna. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

12. Tilnefning í samráðshóp grænbókar um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál - 2011011SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 10. nóvember 2020, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, er tilnefnd í samráðshóp grænbókar um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál.

13. Tilnefning í samstarfsvettvang ríkis og sveitarfélaga um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna - 2011020SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 17. nóvember 2020, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, og Auður Finnbogadóttir, verkefnastjóri stefnumótunar á stjórnsýslusviði Kópavogsbæjar, eru tilnefndar í samstarfsvettvang ríkis og sveitarfélaga um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

14. Umsögn um drög að reglugerð um hlutdeildarlán - 2010031SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 21. október 2020, um drög að reglugerð um hlutdeildarlán, mál nr. S-210/2020.

- 15. Umsögn um frumvarp til laga um stjórnýslu jafnréttismála - 2010064SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 29. október 2020, um frumvarp til laga um stjórnýslu jafnréttismála, 15. mál.
- 16. Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna - 2009328SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 29. október 2020, um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 14. mál.
- 17. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál - 2011004SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 3. nóvember 2020, um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 85. mál.
- 18. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010 - flokkun og eftirlit með mannvirkjum - 2010053SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 3. nóvember 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010 (flokkun og eftirlit með mannvirkjum), 17. mál, ásamt fylgiskjali.
- 19. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna póstmála - flutningur póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar - 2010051SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 4. nóvember 2020, um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna póstmála (flutningur póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar), mál nr. S-223/2020.
- 20. Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt - fjármálþjónusta o.fl. - 2010050SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 9. nóvember 2020, um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt (fjármálþjónusta o.fl.), mál nr. S-227/2020.
- 21. Umsögn um frumvarp til laga um um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til - 2010049SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember 2020, um frumvarp til laga um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til, 206. mál.
- 22. Umsögn um frumvarð til laga um loftferðir - 2010017SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 16. nóvember 2020, um frumvarp til laga um loftferðir, mál nr. S-220/2020.

23. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum sem heyra undir MMR vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90-2018 - 2011027SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 16. nóvember 2020, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, mál nr. S-233/2020.

24. Ályktanir landshlutasamtaka sveitarfélaga - 2009360SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir frá Fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var 9. og 10. október 2020 og ályktanir frá haustþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem haldið var 23. október 2020.

Fundi var slitið kl. 14:45

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Haraldur Sverrisson

Rakel Óskarsdóttir

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Guðmundur Baldvín Guðmundsson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari